



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa apríl 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 5. apríl 2005

Málefni skóla- og félagsþjónustu. Samþykkt var samhljóða að óska eftir samstarfi við skóla- og félagsþjónustu Þingeyinga.

Gjaldskrá Bakkafjarðarhafnar yfirfarin og samþykkt samhljóða.

Samningur um slökkviliðsmál milli Svalbarðshrepps, Þórshafnarhrepps, Skeggjastaðahrepps og Vopnafjarðahrepps. Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samningsdrög frá sveitarstjóra Vopnafjarðahrepps um brunavarnir á svæðinu frá Vopnafirði í Þistilfjörð. Tilskilið er að Vopnafjarðarhreppur annist bókhald vegna samrekstursins. Í stjórn brunavarna NA-svæðis er tilnefndur: Marínó Jónsson.

Tilboð hefur borist í endurskoðun ársreikninga frá endurskoðendum hreppsins, tilboðið er sama upphæð og er í fjárhagsáætlun 2005.

Bréf barst frá Jóni Jónssyni, lögfræðingi hreppsins, um skyldur hafna og gjaldtökuheimildir er varða vigtun afla.

Bréf barst frá Heklu vegna rekstrarleigusamnings er varðar bifreiðina VZ-315 sem rennur út 1. maí. Ákveðið var að taka aftur samskonar bíl.

Bréf barst frá Héraðsnefnd Múlasýlna. Beiðni um að farið verði yfir fjallskilareglur. Erindinu vísað til fjallskilanevndar til umsagnar.

Bréf barst frá Varasjóði húsnæðismála vegna úthlutnar rekstrarframlags félagslegra íbúða vegna ársins 2004. Framlag til sveitarfélagsins er 806.940 kr.

Stefna í menningarmálum á Austurlandi. Samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál samþykktur og undirritaður af Emil Sigurjónssyni fyrir hönd Skeggjastaðahrepps samkvæmt umboði.

Bréf barst frá Menntamálaráðuneytinu vegna styrks til íslenskukennslu útlendinga. Styrkveiting til sveitarfélagsins eru 150.000 kr. vegna haustannar 2004 og 150.000 kr. vegna vorannar 2005.

Bréf barst frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er varðar framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 2005. Sótt verður um framlagið eins og undanfarin ár.

Ákveðið var að styrkja Jónsver ses. á Vopnafirði.

Lokatillögur sameiningarnefndar félagsmálaráðuneytisins eru að kosið verður um sameiningu Vopnafjarðarhrepps og Skeggjastaðahrepps laugardaginn 8. október 2005. Tilnefndir voru tveir fulltrúar fyrir Skeggjastaðahrepp: Áki Guðmundsson og Eyrún Kr. Júlíusdóttir.

Fundagerð barst frá Barnaverndarnefnd Skeggjastaðahrepps, Vopnafjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar og var hún tekin til kynningar.

Kynning á drögum að aðalskipulagi 2004-2024 vegna iðnaðarlóða í Gunnólfsvík.